

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 29. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Kópavogs 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Kópavogs liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Staðfesting þessi tekur ekki til lögsögumarka sveitarfélagsins.

Jafnframt er aðalskipulagsuppdráttur Kópavogs, sem staðfestur var 23. júní 1990, felldur úr gildi.

Umhverfiráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

29. apríl 1994

AUGLÝSING

Nr. 259

um staðfestingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 29. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfiráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

13. maí 1994

REGLUGERÐ

Nr. 260

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Úthafsækja 52.000 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.